



Alþingi
Erindi nr. P 140/1385
komudagur 5.3.2012

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 -10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, þingskjal 376, 319. mál.

Framkvæmdastjórn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hefur fjallað um þingsályktunina.

Framkvæmdastjórn gerir ekki athugasemd við, að fram fari fagleg úttekt á rekstri og og reynslu af starfrækslu deildarinnar að Sogni. Það getur jafnvel verið mikilvægt að gera slíka úttekt við þau þáttaskil, sem nú verða á starfsemi og staðsetningu deildarinnar. Framkvæmdastjórn telur reyndar augljóst m.v. árangur við útskrift sjúklinga, að árangur af starfsemi deildarinnar að Sogni hafi verið frábær og geti hvaða þáttur heilbrigðisþjónustunnar sem er verið stoltur af slíkum árangri.

Varðandi kosti og galla við flutning réttardeildarinnar frá Sogni á Landspítala vísar framkvæmdastjórnin í tillögur starfshóps heilbrigðisráðherra frá janúar 2006.

Tillagan felur m.a. í sér, að frestað verði flutningi réttargeðdeildarinnar frá Sogni til Landspítala. Nú hefur sá flutningur farið fram og því telur framkvæmdastjórn, að sá hluti tilgangs tillögunnar sé brostinn.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,

Magnús Skúlason, forstjóri.